# NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NÁMSMANNA

2022 Kynning

# MARKMIÐ

Markmið sjóðsins er að gefa háskólum, rannsóknastofnunum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða námsmenn í grunn- og meistaranámi við háskóla til sumarvinnu við metnaðarfull og krefjandi **rannsóknar- og þróunarverkefni.**

# HVERJIR GETA SÓTT

Háskólanemar í grunn- og meistaranámi.

Nemar í diplómanámi

Sérfræðingar innan háskóla, rannsóknarstofnanna og fyrirtækja sem óska eftir að ráða háskólanema í sumarvinnu við rannsóknir

Það er bæði hægt að sækja um styrk fyrir einstaklings- og hópverkefni
(ekkert hámark er á fjölda nema við eitt verkefni)

# UMSÓKNIR OG STYRKIR

Umsóknarfrestur er til mánudagsins 14. febrúar, kl. 15.00

Úthlutun er áætluð mánaðarmót mars/apríl 2021

Styrkupphæð: 340 þús. kr. á mánuði til hvers nema

80% styrkupphæð er greidd út við undirritun samnings og 20% við skil á lokaskýrslu

Greiðslur eru skattskyldar en ekki staðgreiðsluskyldar

# UMSÓKNIR OG STYRKIR

Verkefni eru unnin yfir sumarmánuðina, júní, júlí og ágúst

– hámarksstyrkur fyrir hvern einstakling er 3 mánuðir

Að hausti skila nemar lokaskýrslu um framvindu og niðurstöður verkefnisins

- Lokaskýrsluskil er 26.september 2022

Bestu verkefnin eru tilnefnd til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands

# NÝSKÖPUNARVERÐLAUN FORSETA

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands eru árlega veitt þeim námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Árlega hafa um 6-10 verkefni verið valin sem öndvegisverkefni, tilnefnd til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands og hlotið sérstaka viðurkenningu. Aðeins eitt verkefni getur hlotið sjálf forsetaverðlaunin.

Verðlaunin voru fyrst veitt í ársbyrjun 1996 og hafa síðan verið veitt á ári hverju við hátíðlega athöfn á Bessastöðum.

# VERKEFNIÐ

Verkefnið þarf að vera rannsóknar- eða þróunarverkefni

Umsjónarmaður verður að vera tilgreindur

-Getur verið frá háskóla, rannsóknarstofnun, fyrirtæki

Verkefnið má ekki vera lokaverkefni nemanda

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NÁMSMANNA

rannís www.rannis.is

# UMSJÓNARMENN OG AÐHALD

Umsjónarmenn verkefna sem unnin eru með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna teljast ábyrgðaraðilar verkefnanna. Í því felst að umsjónarmenn sjá námsmanni fyrir aðstöðu til að vinna verkefnið, leiðbeina við vinnuna og veita nauðsynlegar upplýsingar

Jafnframt þurfa umsjónarmenn að undirrita lokaskýrslu

Skil á lokaskýrslu eru forsenda frekari styrkveitinga frá sjóðnum

# FAGRÁÐ OG MATSFERLI

**Fagráðin eru 6**

1. Hugvísindi og listir
2. Félagsvísindi, lögfræði og menntavísindi
3. Náttúruvísindi
4. Lífvísindi, klínískar rannsóknir og lýðheilsa
5. Raunvísindi og stærðfræði
6. Verkfræði og tæknivísindi

**Umsóknir eru metnar m.t.t.**

1. Nýsköpun
2. Hagnýting
3. Aðferðafræði
4. Verkáætlun
5. Tengsl (samstarf)
6. Sjálfstæði

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NÁMSMANNA

rannís www.rannis.is

# ÁRANGURSRHLUTFALL 2015-2020




Sjóðurinn hefur 355 m.kr. til umsýslu 2022

Samkeppnissjóður
með árangurshlutfall um 31%

| Ár | Fjöldi umsókna | Styrkt verkefni | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| 2016 | 254 | 67 | 26,4% |
| 2017 | 215 | 68 | 31,6% |
| 2018 | 171 | 72 | 42,1% |
| 2019 | 154 | 59 | 38,3% |
| 2020 | 1181 | 339 | 28,7% |
| 2021 | 642 | 206 | 32,1% |

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NÁMSMANNA

rannís www.rannis.is

# UMSÓKNARGERÐ

Við hverja er ég að tala? Kynnið ykkur fagráðin

Lesið spurningar vel

Ræðið við samnemendur ykkar, kennara, vini og vandamenn

Ekki vera á síðustu stundu!

Fagráð lesa og meta umsóknir útfrá matsblaði, umsóknir eru ræddar á fagráðsfundum og í lok tímabilsins er þeim raðað eftir gæðum

Listinn er ráðgefandi listi fyrir stjórn.

Stjórn sjóðsins tekur endanlega ákvörðun um úthlutun

Umsókn skal vera vönduð, skýr og hnitmiðuð

Umsóknum skal skilað í gegnum heimasíðu **Nýsköpunarsjóð námsmana**

# ÁRANGURSSÖGUR FRÁ FYRIRTÆKJUM

# NOX MEDICAL

Nox Medical hefur síðustu árin fengið styrki frá NSN fyrir 2-3 nema til að vinna að sameiginlegu afmörkuðu verkefni

Nemar vinna sjálfstætt en fá góðan stuðning innanhúss og skila verkefninu af sér í formi skýrslu og kóða í lok sumars

NSN verkefnin hafa reynst mjög vel, nemar hafa öðlast dýrmæta reynslu og einhverjir verið ráðnir til starfa hjá fyrirtækinu í framhaldinu.

Umsóknarferli NSN er einfalt og aðgengilegt

Lykilatriði að hafa verkefnin skýr og vel afmörkuð

Fyrirtæki getur sótt um fyrir ákveðna einstaklinga eða ótilgreinda nema og fundið rétta nema í gengum kennara eða innranet nemenda

Nemar Nox Medical hafa kynnt verkefni sín innanlands og utan og unnið til verðlauna. Verkefnin hafa síðar nýst sem hluti af þróun á nýjum vörum

Nemendur hafa oft nálgast verkefnin og á nýstárlegan og hugmyndaríkan hátt og hafa lífgað mikið upp á starfsandann með fersku yfirbragði og miklum metnði fyrir að standa sig vel.





# Nýsköpunarsjóður Námsmanna

Hjá Genki Instruments höfum við fengið inn nema fyrir tilstuðlan Nýsköpunarsjóðs Námsmanna síðastliðin tvö sumur. Þegar við sóttum um vorum við varkár varðandi hversu miklu mátti búast við og höfðum áhyggjur af tímanum og vinnunni sem færi í að koma nemunum inn í verkefnið og aðstoða þá.

Ávinningur þessara tveggja sumra hefur hins vegar komið skemmtilega á óvart. Ekki einungis hafa afköst nemanna verið meiri en við þorðum að vona heldur hefur verið áhugavert að fá ferska innsýn á Genki Instruments frá nýju fólki.

Við mælum hiklaust með því að sækja um og erum sjálf að taka á móti 4 nýjum nemum sumar.

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NÁMSMANNA

rannís
www.rannis.is

# ALGALÍF

„Styrkur frá Nýsköpunarsjóði námsmanna gerði okkur kleift að fá til okkar áhugasama námsmenn með góðan fræðilegan grunn sem gátu farið beint í að leysa afmörkuð aðkallandi verkefni. Reynslan var svo jákvæð að námsmennirnir komu til okkar aftur ári síðar sem hefðbundnir sumarstarfsmenn.“